

Frumvarp til laga um stofnun Endurupptökudóms.

1. Birting úrskurða Endurupptökudóms.

Hér virðist gæta misskilnings. Í umsögn Persónuverndar til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarpið sem lagt var fram síðasta vor, var lagt til að um birtingu úrskurða færi eftir reglum þess dómstóls sem veitti úrlausn þá sem óskað er endurupptöku á. Þessi ábending var tekin inn í frumvarpið eins og það liggur fyrir nú. Misskilningurinn virðist lúta að því kveðið sé á um að engu að síður skuli birta opinberlega nöfn og heimilisfang þess sem óskar endurupptöku.

Í 1. másl. d-liðar 7. gr. frumvarpsins kemur fram að úrskurði dómstólsins skuli birta opinberlega og hvaða reglur gilda um hina opinberu birtingu. Næstu málsliðir (í úrskurði ber að greina nafn og heimili o.s.frv.), fjalla um hvað skuli koma fram í úrskurði, þ.e. hvernig hann skuli ritaður og saminn, og eiga þeir málsliðir ekki við um opinbera birtingu hans. Hér er um sambærileg ákvæði að ræða og er að finna í 114. eml. og 183. sml. um samningu dóma. Það hvort nafn þess sem óskar endurupptöku verði birt opinberlega fer aftur á móti eftir reglum dómstólsins sem veitti þá úrlausn sem óskað er endurupptöku á. Ef þetta er ekki nægilegt skýrt mætti vel árétta þessar skýringar í nefndaráliti en ráðuneytið telur þetta ekki kalla á breytingar á frumvarpinu.

2. Munnlegur eða skriflegur málflutningur.

Í umsögn Ragnars Aðalsteinssonar til allsherjar- og menntamálanefndar er bent á að með frumvarpinu sé horfið frá meginreglu íslensks réttarfars um munnlegan málflutning, og er lagt til að því sé breytt. Ráðuneytið telur ekki rétt að breyta frumvarpinu að þessu leyti og er bent á eftirfarandi í því sambandi.

Í *fyrsta lagi* þá mun Endurupptökudómur ekki hafa það hlutverk að dæma mál efnislega. Hlutverk dómstólsins verður að kveða upp úrskurði um hvort mál skuli fara að nýju fyrir almenna dómstóla og munu úrskurðir dómstólsins að jafnaði fjalla um skýrlega afmörkuð atriði, þ.e. hvort skilyrði einkamálalaga eða sakamálalaga fyrir endurupptöku séu uppfyllt. Að þessu leyti verður sá ágreiningur sem rekin verður fyrir Endurupptökudómi mun líkari rekstri kærumála fyrir almennum dómstólum, þar sem skriflegur málflutningur er meginreglan og úrskurður kveðinn upp, heldur en málum sem eru munnlega flutt og dómur kveðinn upp að efni til.

Í *öðru lagi* er ljóst að þegar litið er til þeirra skilyrða sem eru fyrir endurupptöku verður í langflestum tilvikum unnt að upplýsa mál nægilega með skriflegum málflutningi. Munnlegur málflutningur er til þess fallinn að þyngja málsmeðferð fyrir Endurupptökudómi.

Í *þriðja lagi* er bent sérstaklega á að í frumvarpinu stendur til þess heimild, bæði að því er varðar einkamál og sakamál, að munnlegur málflutningur fari fram telji Endurupptökudómur það nauðsynlegt. Slíkt getur t.d. komið til ef skýrslutökur eru nauðsynlegar að mati dómsins. Þannig er gert ráð fyrir þeim möguleika að munnlegur málflutningur fari fram ef skriflegur málflutningur nægir ekki til að upplýsa og skýra mál að fullu.

Í *fjórða lagi* er bent á að samkvæmt gildandi lögum er málsmeðferð fyrir endurupptökunefnd skrifleg en ekki munnleg. Engar vísbendingar eru um að það fyrirkomulag hafi verið til vandkvæða eða réttarspjalla.

3. Gjafsókn og málskostnaður.

Í umsögn Lögmannafélags Íslands og Ragnars Aðalsteinssonar er gagnrýnt að með frumvarpinu sé lagt til að gjafsókn verði ekki veitt vegna mála sem rekin eru fyrir Endurupptökudómi og að málskostnaður verði ekki dæmdur.

Gjafsókn.

Í umsögn Lögmannafélagsins kemur fram að það megi ímynda sér þá stöðu að nauðsynlegt kunni að vera fyrir efnalítinn einstakling að leita sér gjafsóknar til að standa straum af rekstri máls fyrir Endurupptökudómi, t.d. ef viðkomandi hefur verið ranglega sakfelldur í refsímáli. Hér er um misskilning að ræða. Gjafsókn er einungis veitt í einkamálum en ekki í sakamálum (refsímálum). Það er alveg skýrt samkvæmt gildandi 4. mgr. 231. gr. sakamálalaga að kostnaður af beiðni dómfellda um endurupptöku, þ.m.t. lögmannskostnaður, og kostnaður af nýrri meðferð málsins ef á hana er fallist, skuli greiddur úr ríkissjóði nema dómfelldi hafi komið henni til leiðar með gögnum sem hann mátti vita að væru ósönn. Að öðru leyti fer um sakarkostnað eftir almennum reglum. Með öðrum orðum, þá gilda sambærilegar reglur um endurupptökubeiðnir sakamála og í sakamálum sem rekin eru fyrir almennum dómstólum. Engin breyting er lögð til í frumvarpinu að þessu leyti að því frátöldu að með því er beinlínis lagt til að dómfellda verði skipaður verjandi við meðferð endurupptökubeiðni á sakamáli.

Þá er það álit ráðuneytisins að ekki sé rétt að veita gjafsókn fyrir Endurupptökudómi að því að varðar einkamál. Í *fyrsta lagi* er bent á í því sambandi á þau einkamál sem óskað verður endurupptöku á munu þegar hafa verið dæmd á a.m.k. einu dómstigi en líklega í langflestum tilvikum af tveimur dómstigum. Hér er því um að ræða mál sem þegar hafa hlotið skoðun dómstóla og leyst hefur verið úr efnislega, og aðstaðan alls ólík því þegar veitt er gjafsókn til þess að leita með mál til dómstóla í fyrsta sinn. Það er álit ráðuneytisins að ekki standi tilhlýðileg rök til þess að málskostnaður verði greiddur af almannfé í slíkum tilvikum.

Í *öðru lagi* er bent á að samkvæmt gildandi reglugerð um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar nr. 45/2008, með síðari breytingum, er á meðal þeirra er sjónarmiða sem gjafsóknarnefnd ber að líta til við ákvörðun um hvort gjafsókn skuli veitt er, hvort málsefnið sé þannig að nokkrar líkur séu á því að málið vinnist fyrir dómi. Í því sambandi er nefndinni m.a. heimilt að horfa til þess hvort dómstólar hafi áður leyst úr sambærilegu ágreiningsefni. Að áliti ráðuneytisins er vandkvæðum bundið að fela gjafsóknarnefnd það hlutverk að meta hvort líkur standi til þess að dómur sé rangur að efni til þannig að líkur séu á því að mál vinnist fyrir Endurupptökudómi. Það hlutverk er alls ólíkt því verkefni að meta hvort líkur séu á að mál sem aldrei hefur komið til kasta dómstóla vinnist þar. Áréttað er í því sambandi að dómar hafa bindandi réttaráhrif og verða einungis endurskoðaðir af æðra dómstigi.

Í *þriðja lagi* þá má að hluta bregðast við gagnrýni að þessu leyti með breyttum ákvæðum um málskostnað, sjá umfjöllun hér á eftir.

Málskostnaður.

Af hálfu Lögmannafélags Íslands er bent á að samkvæmt meginreglu íslensks réttarfars sé málskostnaður dæmdur þeim aðila sem vinnur dómsmál í meginatriðum. Leggur félagið til að sú meginregla gildi einnig um meðferð mála fyrir Endurupptökudómi. Í umsögninni er nefnt dæmi um málskostnað vegna ranglátrar sakfellingar en hér er um sama misskilning að ræða og

fjallað er um í sambandi við gjafsókn. Þá er í umsögninni bent á að ef málskostnaður sé ekki dæmdur geti það falið í sér töluverða ósanngirni gagnvart þeim aðila sem verjast þarf endurupptöku, enda geti slíkt haft í för með sér töluverðan kostnað. Telur félagið óréttlátt að endurupptökubeiðandi geti bakað gagnaðila sínum málskostnað vegna tilhæfulausrar endurupptökubeiðni án þess að þurfa að bæta honum hann.

Þessi ábending er að mati ráðuneytisins réttmæt og er ráðuneytið ekki mótfallið því að allsherjar- og menntamálanefnd geri breytingu í þess átt standi vilji nefndarinnar til þess. Má í því sambandi benda á að þar sem ekki verður veitt gjafsókn í málum fyrir Endurupptökudómi, þá myndi breyting að þessu leyti stuðla að því að þeir sem fá mál sitt þar endurupptekið fengju greiddan til baka þann fjárhagslega kostnað sem þeir hafa borið vegna málssóknarinnar úr hendi gagnaðila.